

Ed.

162. Frumvarp til laga

[112. mál]

um breyting á lögum nr. 97 24. des. 1979, um eftirlaun til aldraðra, sbr. lög nr. 86/1980 og lög nr. 52/1981, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. des.)

1. gr.

Í stað „1980—1982“ í 1. og 2. málsg. 21. gr. laganna komi: 1980—1984.

2. gr.

Í stað „1980—1982“ í 22. gr. laganna komi: 1980—1984.

3. gr.

Í stað „1980—1982“ í 24. gr. laganna komi: 1980—1984.

Við 24. gr. bætist nýr málslíður, er verði næstsíðasti málslíður og orðist svo:

Við endanlegt uppgjör vegna áráanna 1983 og 1984 skulu eftirstöðvar framlaga og ofgreiðslur reiknaðar í samræmi við ákvæði 2. málsg. 25. gr.

4. gr.

2. tölulíður 1. málsg. 25. gr. laganna verði 1. tölulíður og 3. tölulíður verði 2. tölulíður.

2. málsg. 25. gr. orðist svo:

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 1. tölulíð 1. málsg. í byrjun hvers árs. Gjaldalagi hins áætlaða framlags áráanna 1980—1982 er 1. apríl, en endanlegt uppgjör skal fara fram fyrir 1. júlí næsta ár á eftir. Gjaldlagi áætlaðs framlags áráanna 1983 og 1984 skulu vera tveir, 1. apríl og 1. ágúst, og greiðist helmingur árlegs framlags í hvort sinn. Endanlegt uppgjör vegna þessara ára skal miðast við 1. ágúst næsta ár á eftir, og skulu eftirstöðvar og ofgreiðslur reiknaðar með álagi, er svarar til hækkunar, sem orðið hefur á grundvallarlaunum samkvæmt 1. málsg. 6. gr. frá 1. ágúst á framlagsárinu. Ráðherra getur að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um, hvernig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

3. málsg. 25. gr. falli niður.

5. gr.

2. mgr. 26. gr. laganna orðist svo:

Viðbót þessi tekur bæði til grunnlífeyris skv. I. kafla laganna og til sérstakrar uppbótar skv. 21. gr. laganna og skal borin uppi af Atvinnuleysistryggingasjóði uns ríkissjóður hefur yfirtekið að fullu þessa skyldu af Atvinnuleysistryggingasjóði.

6. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna falli niður.

7. gr.

Lög þessi gildi frá 1. janúar 1983.